

Nábrókarstafur

Skrifað af Strandagaldur
Mánudagur, 14. Nóvember 2005 12:32

Til að gjöra sér nábrók (einnig nefndar skollabuxur, finnabrækur og Papeyjarbuxur) þá gjör samning við einhvern í lifandi lífi til að fá að nota skinnið af honum dauðum.



Nábrókarstafur

Þegar svo er komið, far að næturlipi í kirkjugarðinn og graf hinn dauða upp. Flá síðan af honum skinnið, allt ofan frá mitti og niður úr í gegn, og lát það vera smokk. Varast skal að gat komi á brókina. Far þar næst í brókina og verður hún þá óðar holdgróin.

Áður en brókin kemur að notum, verður að stela pening af bláfátækri ekkju, á milli pistils og guðspjalls, á einhverri hinna þriggja stórhátíða ársins og láta hann í pung nábrókarinnar ásamt stafnum. Eftir það munu brækurnar draga að sér fé af lifandi mönnum, svo aldrei verður pungurinn tómur. Varast verður þó að taka þaðan peninginn þjófstolna.

Sá er annmarki með brækur þessar að sá er þær á getur ekki skilið þær við sig þegar hann vill, en á því ríður öll hans andleg heilsa að hann sé búinn að því áður en hann deyr, auk þess sem lík hans úir og grúir allt í lúsum, ef hann deyr í þeim. Því verður eigandinn að losa sig við brækurnar áður en hann deyr og fá einhvern til að fara í þær af sér. Verður það með því eina móti gert að eigandinn fari fyrst úr hægri skálminni og jafnskjótt fari hinn er við þeim tekur í hana. Verður þá nábrókin óðar holdgróin. Náttúru sinni halda nábrækurnar mann fram af manni og slitna aldrei.